

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 344 10. júlí 1989, um jöfnunargjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr upptalningu 2. gr.:

5607.1002, 5607.1009, 5607.2100, 5607.2902, 5607.2909, 5607.3002, 5607.3009, 5607.4100, 5607.4902, 5607.4909, 5607.5002, 5607.5009, 6812.3000.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78/1980, um jöfnunargjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990.

1. gr.

10. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 121/1990 orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Skagafjarðar, sem er Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur. Hámarkstala er 20 vörubifreiðar.

2. gr.

16. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 121/1990 orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Norðmýlinga, sem er Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Hámarkstala er 10 vörubifreiðar.

3. gr.

20. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 121/1990 orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vémundar, sem er Berunes-, Búða-, Fáskrúðs-fjarðar-, Breiðdals- og Stöðvarhreppur, allir í Suður-Múlasýslu. Hámarkstala er 15 vörubifreiðar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. júní 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helgi Jóhannesson.